

Skógarvörðuginn á Suðvesturlandi.

STARFSSKÝRSLA 1951.

Gróðursetning: Á árinu var gróðursett:

í Straumslandi:

Sitkagreni 2/2	600	stk.	
Þauðgreni -	300	-	
lerki -	100	-	
skógarfura 2/0	<u>200</u>	-	samtals 1200 stk.

í Haukadal: 1951

Sitkagreni 2/2	500	stk.	
skógarfura 2/0	6000	-	
birki 2/2	<u>200</u>	-	samtals 6700 stk.

Á Þingvöllum: (í minningarreit Jóns Jóhannssonar frá Skógarkoti):

Sitkagreni 2/2	500	stk.	
lerki 2/2	500	-	
skógarfura 2/0	<u>3000</u>	-	samtals 4000 stk.

Að Laugarvatni:

Sitkagreni 2/2	200	stk.	
skógarfura 2/1	1500	-	
- - 2/0	<u>5000</u>	-	samtals 6700 stk.

Girðingar: Girt var vönduð girðing á Bessastöðum. Hún er austur með túninu og er ætlunin að gróðursetja þar trjáplöntur, sem síðar myndi skjólbelti fyrir norðanáttinni. Lengd girðingar er 350 m.

Plöntusala og furusala: Eg sá um plöntusöluna í Reykjavík og þá um leið dreifingu plantna út um land, einsog undanfarin ár.

Vegna þess að ekkert var flutt inn af jólatrjám var grisjað með meira móti í furulundinum á Þingvöllum og limið selt í Reykjavík.

Ferðalög: Snemma í janúar fór ég með skógræktarstjóra austur í Tumastaði og Múlakot og 14 apríl fór ég ásamt honum á aðalfund Skógræktarfélags Árnesinga að Selfossi. Í maí fór ég austur á Þingvelli vegna undirbúnings gróðursetningar þar og síðar með skógræktarstjóra í sömu erindum að Laugarvatni. Í júnílok fór ég með skógræktarstjóra af aðalfundi Skógræktarfélags Íslands að Varmalandi norður í Fnjóskadal. Í júlí fór ég eftirlitsferð í Haukadal og Þingvelli, ennfremur í Fljótshlíð og á Þórsmörk. Í Haukadal fór ég þögga ferð í ágúst og um leið í Þjórsárdal.

Hinn 17. september fór ég austur á Hallormsstað til þess að telja söluhafar plöntur fyrir næsta ár vor og samræma um leið flokkun þeirra. Eg kom við á Vöglum og Laugabrekku í sömu erindum. Að Tuma-stöðum fór ég til eftirlits og talningar 10 október. Þá fór ég ásamt skógræktarstjóra í Haukadal 19-20 okt. til þess að athuga gróðursetningu frá s.l. vori og til þess að velja svæði undir gróðursetningu á næsta vori. Til Þingvalla fór ég þrívégis í nóv. og des. vegna grisjunar þar.

Auk þessa fór ég margar skemmri ferðir um nágrenni Reykjavíkur til leiðbeiningar og eftirlits. (T.d. Straumur og Bessastaðir)

Skrifstofustarf: Eg starfaði á skrifstofu skógræktarstjóra samfellt frá áramótum til aprílloka, og eftir því sem tími leyfði frá útistörfum hinn hluta ársins.

Reykjavík 20. marz 1952.

Einarr G. Sönnudóttir